

Fundargerð háskólaráðs

347. fundur laugardaginn 10. maí 2014

kennslustofu K202, Sólborg kl. 8.45 – 16.15

Staðgengill rektors Sigrún Stefánsdóttir setti fund kl. 8.55.

Mættir voru auk hennar:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda – kom inn við umræður

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Lísa Z. Valdimarsdóttir verkefnastjóri skjalamála (fundarritari)

Gestir:

Sigurður Kristinsson umsækjandi um stöðu rektors, Eyjólfur Guðmundsson umsækjandi um stöðu rektors og Sveinn Viðar Guðmundsson umsækjandi um stöðu rektors..

1. Fundargerð

Fundargerð 346. fundar var borin upp og samþykkt.

2. Ráðning rektors

1401153

Viðtöl voru tekin við þá þrjá umsækjendur um stöðu rektors sem valnefnd hafði tilnefnt. Sigurður Kristinsson kom fyrstur, síðan Eyjólfur Guðmundsson og að lokum Sveinn Viðar Guðmundsson. Umsækjendur gerðu í upphafi viðtals grein fyrir sér og sýn sinni á framtíð og þróun Háskólans og eftir það gafst háskólaráði tækifæri til að kynna sér aðrar hugmyndir þeirra ásamt því að spyrja umsækjendur nánar um einstök atriði. Öll viðtölin voru tekin upp á diktafón og munu fylgja gögnum málsins.

Eftir viðtölin fóru fram umræður um umsækjendur, umsagnir meðmælenda voru skoðaðar og ræddu fundarmenn ýmsar hliðar málsins. Háskólaráð mun biða fram til miðvikudags 14. maí

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SK", "EK", "HK", and "SI".

með að taka endanlega ákvörðun, þar sem allir umsækjendur hafa frest til 13. maí til að senda inn andmæli vegna álits valnefndar. Að teknu tilliti til andmæla vegna álits valnefndar og annarra gagna mun háskólaráð taka ákvörðun um tilnefningu um ráðningu rektors og senda hana til mennta- og menningarmálaráðherra. Samþykkt var að halda vinnunni áfram á öðrum háskólaráðsfundi miðvikudaginn 14. maí og ljúka henni eins fljótt og auðið er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.15.

Stambjóræð.
Hinn bjóræð.
Hanna Gunnarsson
Höfðun
Ljónur Stefánsson